

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 8. TBL.

17. OKTÓBER 2008

Mikið að gerast í námskeiðahaldi PMT

Það er öflugt námskeiðahald á vegum PMT í haust. Hér verður gefin smá yfirsýn yfir það.

Í næstu viku, mánudag og þriðjudag, hefst grunnenntunarnám en það er fyrir 20 manns. 18 þeirra eru starfsfólk leik- og grunnskóla í Hafnarfirði eða stuðningskerfis þess. Þetta er 60 klst. nám sem stendur fram yfir áramót.

Þá er hafið nýtt nám fyrir meðferðaraðila og voru 14 aðilar sem hófu það nám. Af þeim eru tveir úr Hafnarfirði, þau Elíska Ingólfsdóttir námsráðgjafi í Setbergsskóla og Eiríkur Þorvarðarson yfirsálfræðingur grunnskóla á Skólaskrifstofunni.

Loks eru hafin foreldranámskeið í aðferðum PMT.

Nú eru tveir hópar á námskeiði eða rúmlega 20 manns. Það er ætlað foreldum nemenda í leik- og grunnskólum sem vilja fá stuðning við uppleldi með aðferðir PMT.

Það eru starfsmenn PMT sem bera hitann og þungann af fræðslunni, þau Anna María

Frimannsdóttir og Edda Vikar Guðmundsdóttir sálfræðingar og PMT ráðgjafar og meðferðaraðilar auk Margrétar Sigmarsdóttur, sálfræðings og verkefnisstjóra PMT-FOR-ELDRAFÆRNI.

Frá námskeiðahaldi um menntun meðferðaraðila fyrir stuttu.



Smásagnasamkeppnin sett í gang

Smásagnasamkeppni fyrir nemendur í 8.-10. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði hefur verið árlegur viðburður. Keppnin er sett fyrr af stað í ár vegna óska frá kennurum en henni lýkur á svipuðum tíma og áður.

Keppnin hefst formlega frá og með deginum í dag en skiladagur smásagna til Skólaskrifstofunnar er fram í byrjun febrúar 2009. Úrslit verða kynnt á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í mars 2009 í Hafnarborg.

Reglur keppninnar eru eftirfarandi:

- Hver saga skal vera á bilinu 600-1000 orð.

- Skilafrestur á sögum er til 2. febrúar 2009.
- Sögu skal skila bæði á tölvutæku formi og út-

smÁ-SAGNASAMKEPPNI
nemendur í 8.-10. bekkjum grunnskóla Hafnarfjarðar 2008-2009

Þemað er SAMVERA

Reglur:

1. Hver saga skal vera á bilinu 600-1000 orð.
2. Skilafrestur á sögum er til 2. febrúar 2009.
3. Sögu skal skila bæði á tölvutæku formi og útgáfuformi og upplýsingar um íslensku kennara grunnskólanna í A-4 blaði, með 42 punkta Times (New) Roman lettri og línubili 1,5.

Verðlaun fyrir þrjár bestu sögurnar verða afhent á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarborg í mars 2009.

Verðlaunsgurnar verða birtar opinberlega, með leyfi höfundna.

Stjórnendur: Hildur Þorvaldsson, Hildur Þorvaldsson, Hildur Þorvaldsson, Hildur Þorvaldsson

prentaðri til íslenskukennara grunnskólanna á A-4 blaði, með 12 punkta Times (New) Roman lettri og línubili 1,5.

Meginmarkmið keppninnar er að gefa kennurum tilefni til að efla ritunarkennslu og vera þannig hvetjandi til skapandi ritunar hjá unglingum. Þannig geta unglingakennarar nýtt keppnina sem hvata í eigin kennslu til að efla áhuga nemenda og auka möguleika þeirra að koma ritun sinni á framfæri. Nemendur skila sögum til síns skóla og skólar skilar inn nokkrum sögum til úrslita í keppnina. Dreifibréf keppninnar verður sent í skólana.



Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Ýmsir aðilar hafa á undanförunum dögum sent skólum og starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar tölvupóst með upplýsingum og hvatningu til góðra verka á viðsjárverðum tímum hjá okkur Íslendingum. Vert er að benda kennurum á þessar orðsendingar og mikilvægi þeirra til að viðhalda öryggi, bjartsýni og stöðugleika í umhverfi barnanna til að halda sem mestri reglu á daglegu líf þeirra.



» Það er rétt að benda kennurum á það að með þeim breytingum hjá Námsgagnastofnun að gefa út fræðslumyndir á vefnum í staðinn fyrir á DVD-diskum og myndbandsspólum þarf að breyta vinnubrögðum sínum. Þá verður ekki lengur þörf á að nálgast í fræðslumyndir á Skólaskrifstofunni heldur þarf samstarf við þá sem stýra tölvukerfi skólanna að hlaða myndum niður af vefnum. Námsgagnastofnun var að gefa út nýtt myndfræðsluefni sem eingöngu er hægt að hlaða niður af vefnum. Þetta er myndirnar **Afríkan okkar** og **Í skjýjunum skellur við hlátur-hrossagaurur**.

Frá námskeiðahaldi Skólaskrifstofu, f.v. Hafsteinn í Lækjarskóla, Fjalar kennari og Úlfar í Áslandsskóla.



Leiðbeiningar fyrir nýja kennara í starfi

Fræðiefni vikunnar er handbók sem er útgefin af bandarískum menntayfirvöldum og er ætluð nýjum kennurum í starfi. Hún nefnist **Survival Guide for New Teacher**. Þetta er 32ja síða rit sem ætlað er að veita nýjum kennurum leiðbeiningar um virkni skólastarf og gefa þeim handhæg ráð um samskipti nýrra kennara við reynda kennara, foreldra og stjórnendur í skólastarfi. Markmið ritsins er að auðvelda nýjum kennurum þátttöku í skólastarfi og létta þeim störfin með góðum



ráðleggingum. Auðvitað er bókin aðlöguð að bandarískum aðstæðum en það ætti þó ekki að koma í veg fyrir að vera einhver hjálp fyrir kennara í öðrum löndum.

Kennarastarfið er mikilvægt en jafnframt flókið og yfrigripsmikið. Það getur tekið tíma að finna sig í kennarastarfinu og ná valdi á því ýmsu sem kennarastarfinu tilheyrir auk þess að læra inn á verklag og vinnubrögð í einstaka skólum. Það er alltaf hægt að læra.

VEFSLÓÐ: <http://www.ed.gov/teachers/become/about/survivalguide/survguide.pdf>

Fræðiefnið

Námskeiðin

Tilkynning vikunnar

Sérstaklega er bent á að enn er hægt að skrá sig á námskeiðið **Hvernig kenni ég nýbúum í 4.-7. bekk?** sem hefst á mánudaginn kemur. Það á erindi við marga kennara.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn **24. október 2008**

Námskeiðahaldið í næstu viku

20. okt. mánudagur

- Nr. 101 **Hvernig kenni ég nýbúum í 4. - 7. bekk?** Menntasetrið við Lækinn kl. 15-17.
 - Nr. 104 **Lesskilningur unglinga og PISA könnun** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.30.
 - Nr. 305 **Kennslugagnastjóri í Moodle** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17.
- Jafnframt hefst grunnmenntun í PMT-FORELDRAFÆRNI.

22. okt. miðvikudagur

- Nr. 301 **Grunnnámskeið í myndvinnslu** (Paint.net) í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17.

23. okt. fimmtudagur

- Nr. 105 **Lestrarnám og lestrarkennsla með ÉG GET LESIÐ** í Engidalsskóla kl. 15-17.